

# Konungsbrjef

Nr. 5.  
15. júní.

um

lenging alþingistímans og um þingsuppsögn.

**Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg.

Vjer viljum hjermeð veita yður sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland umboð til þess að samþykkja í Voru nafni, að alþingi það, sem nú fer í hönd, megi setu eiga svo lengi, sem þörf verður á, þó eigi meira en 4 vikur fram yfir 8 vikna tíma þann, er heimilaður er í 3. grein stjórnskipunarlagu 3. október 1903 um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874,

og ennfremur umboð til þess í Voru nafni að segja þingi slitið að liðnum hinum lögheimilaða, reglulega þingsetutíma, eða síðar á 4 vikna fresti þeim, er áður er nefndur, þegar eigi er lengur þörf á að lengja þingið.

Ritað á Amaliuborg, 15. júní 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Einar Arnórsson.*

Til

herra Einars Arnórssonar,  
Vors ráðherra fyrir Ísland.